

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Norðurlandi eystra, 5. desember 2023

Efni: Umsögn stjórnar SSNE um frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun, mál 479.

Á 57. fundi stjórnar SSNE sem haldinn var 29. Nóvember síðastliðinn var eftirfarandi bókun samþykkt:

Stjórn SSNE tekur undir markmið frumvarpsins sem er að skapa vettvang fyrir kraftmikið fagstarf og árangur. Stjórn SSNE tekur jafnframt undir umsögn sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þar sem lögð er áhersla á mikilvægi Náttúrurannsóknarmiðstöðvar við Mývatn í rannsóknum á lífríki Mývatns og Laxár sbr. lög um verndun Mývatns og Laxár nr. 97/2004 og reglugerð um Náttúrurannsóknastöðina við Mývatn nr. 664/2012 og leggur stjórn SSNE einnig áherslu á að starfsemi hennar hafi fast aðsetur í Mývatnssveit og þar sitji forstöðumaður hennar sem leiði rannsóknir samkvæmt lögum og reglugerð þar um.

Þá vill stjórn SSNE benda á að þvert á það sem kemur fram í greinargerð með frumvarpinu þá er Náttúrurannsóknarmiðstöðin við Mývatn flutt í nýuppgert húsnæði í Gíg, sem er í eigu ríkisins. Þar er öll aðstaða til rannsókna hin besta, sem og skrifstofuaðstaða. Stjórn SSNE hvetur Alþingi til að nýta tækifærið og efla frekar starfsemi Rannsóknarmiðstöðvarinnar og nýrrar ríkisstofnunar við Mývatn enda er húsnæði og önnur aðstaða til fyrirmyndar með sameiginlegri aðstöðu stofnanna og sveitarfélags í Gíg. Stofnanirnar í Gíg eru Umhverfisstofnun, Vatnajökulspjóðgarður, Háskóli Íslands, Þekkingarnet Þingeyinga, Hulda náttúruhugvísindasetur ásamt Þingeyjarsveit.

Að lokum leggur stjórn SSNE sérstaka áherslu á að tryggt verði að fastráðnir starfsmenn sem sinna rannsóknum á lífríki Mývatns og Laxár hafi fasta búsetu í sveitarfélaginu og vinni í nánu samstarfi við Náttúrustofu Norðausturlands sem sinnir fjölbreyttum rannsóknum á Norðausturlandi.

Tilkynnist þetta hér með.

Virðingarfyllst
F.h. SSNE

Albertína Fr. Elíasdóttir
Framkvæmdastjóri